

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík
veiði

Akureyri, 4. október 2022
UST202210-014/F.P.
11.08

Efni: Tillögur að veiðistjórnun á rjúpu 2022

Umhverfisstofnun vísar til 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Segir þar að ráðherra geti með reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, aflétt friðun nokkurra fuglategunda, þ. á m. rjúpu. Þá segir þar jafnframt að heimil sé að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem tilgreindar eru í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings.

Árið 2021 var gefin út reglugerð nr. 1217/2021, um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. Í 1. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar var tilgreint með hvaða hætti rjúpnaveiðar skyldu fara fram árið 2021. Þar sem reglugerðarbreytingin náði einungis til ársins 2021 er því nauðsynlegt að birta nýja reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994. Umhverfisstofnun getur unnið slíka reglugerð ef hentar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að með breytingareglugerðinni frá því í fyrra var kveðið sérstaklega á um að rjúpnaveiðar væru ávallt óheimilar á friðuðu svæði sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 456/1994, með síðari breytingum.

Með bréfi þessu leggur Umhverfisstofnun til að rjúpnaveiðar ársins 2022 verði með eftirfarandi hætti:

Nóvember: Frá og með 1. nóvember til og með 30. nóvember- frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili og að veiðar hefjist á hádegi (21 dagar).

Desember: Frá og með 2. desember til og með 4. desember- frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili og að veiðar hefjist á hádegi (3 dagar).

Tillögur þessar eru lagðar fram að undangengnu samráðsferli við Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglavernd og Skotveiðifélag Íslands. Umhverfisstofnun leggur sem fyrr ríka áherslu á að hvetja veiðimenn til hófsamra veiða með hliðsjón af ástandi rjúpnastofnsins og hvetur veiðimenn til að veiða ekki umfram sex fugla á mann á veiðitímabilinu. Umhverfisstofnun biðlar sérstaklega til veiðimanna á Norðausturlandi að sýna hófsemi í veiðum á því svæði. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar komi að því hvatningarátaki.

Mat á rjúpnastofninum 2022

Fyrir liggur mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á veiðipoli rjúpnastofnsins árið 2022, sbr. greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 30. ágúst 2022. Talningar sýna í hnotskurn fjölgun rjúpna í nær öllum landshlutum. Sé viðmið síðustu 20 ár eða svo þá er stofninn yfir meðallagi að stærð en undir meðallagi samanborið við síðustu 60 ár.

Hins vegar sýna mælingar á viðkomu rjúpunnar á Norðausturlandi og Vesturlandi að viðkomubrestur hafi orðið í þeim landshlutum og er slæmt tíðarfar um vorið og sumarið líklegasta skýringin. Afföll á 2022 árganginum á Norðausturlandi eru sögulega há og því óljóst á þessu stigi hvort sú uppsveifla sem hófst 2021-2022 haldi áfram. Í greinargerðinni er veiðistofn rjúpunnar metinn 297 þúsund fuglar haustið 2022 og ráðlögð veiði er um 26 þúsund fuglar (9% af veiðistofni) eða um 6 fuglar á veiðimann. Aðeins fjórum sinnum áður hefur veiðistofninn verið metinn um eða undir 300 þúsund fuglum (árin 2002, 2003, 2020 og 2021). Miðað við áætlaða stærð stofnsins og hvernig veiðimenn hafa svarað breytingum í stofnstærð á rjúpu á síðustu árum telur Náttúrufræðistofnun að rjúpnaveiðin verði umfram ráðgjöf 2022. Samkvæmt aðhvarfsgreiningu verður veiðin um 34 þúsund fuglar (95% öryggismörk eru 23–45 þúsund fuglar).

Árangur af veiðistjórnun síðustu ára

Núverandi veiðistjórnun byggir á sölubanni á rjúpum, hvatningu til veiðimanna um að sýna hófsemi og takmörkun á fjölda veiðidaga. Veiðimenn hafa að mestu brugðist vel við þessum aðgerðum og dregið verulega úr veiði frá því sem áður var. Þar virðist sölubann og hvatningarátak til veiðimanna hafa skilað mestum árangri, en fjöldi veiðidaga hefur ekki tölfræðilega marktæk áhrif á meðalsókn veiðimanna sem hefur verið nokkuð jöfn. Greining Náttúrufræðistofnunar Íslands sýnir að fara þurfi niður í 3–4 veiðidaga til að dagafjöldi fari að hafa áhrif á veiði.

Í grunninn má segja að veiðistjórnun hafi fylgt ráðgjöf þegar stofninn er sterkur en veiðar farið fram úr ráðgjöf þegar stofninn hefur verið lítill. Í greinargerð sinni bendir Náttúrufræðistofnun á að fyrir 17 veiðitímabil hafa verið tilmæli um heildarafla og meðalafli á mann og hefur það gengið misjafnlega vel eftir. Í sex tilvikum hefur veiðin verið á pari við ráðgjöf eða innan við 10% til eða frá ráðlögðum afla, í sex skipti hefur verið veitt umfram ráðgjöf (13–57%) og í fimm skipti hefur veiðin verið undir ráðgjöf (10–38%).

Í greinargerð sinni veltir Náttúrufræðistofnun upp spurningu um hvaða áhrif það kunni að hafa þegar veiðar fari fram úr ráðgjöf. Náttúrufræðistofnun bendir á að sett markgildi affalla vegna veiða séu 8,8% en þegar veiðar hafa farið fram úr ráðgjöf hefur veiðin verið 10–14% umfram ráðgjöf og geti það mögulega haft neikvæð áhrif á stofninn. Vísað er til veiðistjórnunar hjá Statskog í Noregi þar sem gripið er til aðgerða ef afföll vegna veiða eru á bilinu 5–15% árið á undan. Hafi afföll vegna veiða verið yfir 15% er jafnvel gripið til lokunar á viðkomandi svæðum.

Umhverfisstofnun er fylgjandi því að svæðisbundin veiðistjórnun verði tekin upp þar sem veiðipól hvers svæðis er metið út frá viðkomu og veiðiálagi og bendir í því sambandi á rannsóknir Erlu Sturludóttur sem leiddu í ljós að betra er að meta stofnstærð fyrir hvern landshluta heldur en að meta stofnstærð fyrir allt landið með sameinuðum gögnum. Þetta er forsenda þess að minnka megi óvissu í veiðistjórnun og tryggja sjálfbærar veiðar í öllum landshlutum.

Árangur veiðistjórnunar á rjúpu 2021

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað haustið 2019 að rjúpnaveiðitíminn yrði 22 dagar

og að sama fyrirkomulag skyldi gilda 2020 og 2021 nema eitthvað óvænt komi upp. Mælingar árána 2020-2021 sýndu í hnotskurn fækkun rjúpu, í sumum landshlutum var stofninn að nálgast lágmark en væri rétt að byrja að falla í öðrum.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar fyrir árið 2021 kom fram að niðurstöður mælinga benti í sjálfu sér ekki til að neitt óvænt hefði komið upp. Mat á veiðistofni þess árs var 248.000 fuglar og ráðlögð veiði 20.000 fuglar (8% af veiðistofni og 4 fuglar á mann). Stofnunin benti þó á að stofninn væri metinn einn sá minnsti frá því mælingar hófust og að því gefnu að tengsl sóknar og affalla vegna veiða yrðu með sama hætti og frá árinu 2005, þá yrði veiði um 32.000 fuglar (13% af metnum stofni).

Í kjölfarið lagði Umhverfisstofnun fram tillögur að fyrirkomulagi rjúpnaveiða þess árs og vísaði til reglugerðar frá 2019 um 22 daga. Til hliðsjónar hafði stofnunin gögn sem sýna að fjöldi veiðidaga hefur takmörkuð áhrif á sókn þegar stofninn er lítill nema farið sé niður í 3-4 daga. Stofnunin lagði ríka áherslu á að verið væri að vinna stjórnunar- og verndaráætlun og eðlilegt væri að halda dagafjölda óbreyttum fram að því, nema eitthvað óvænt kæmi fram. Stofnunin lagði einnig áherslu á að veiðimenn yrðu hvattir til hófsamra veiða með hliðsjón af ástandi stofnsins í góðu samstarfi við Skotvís, Fuglavernd og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Eftir samráðsferli stofnana og hagsmunaaðila árið 2021 gekk tillaga Umhverfisstofnunar í gegn, með nokkrum breytingum þó. Dagafjöldi á tímabilinu 1. nóvember – 30. nóvember hélst óbreyttur en ekki var heimilt að hefja veiðar fyrr en klukkan 12:00 á hádegi. Hugmyndin með þessu var að takmarka sókn umtalsvert í klukkustundum en þó áfram að gefa veiðimönnum kost á fleiri dögum til að velja úr. Þar var m.a. horft til öryggissjónarmiða.

Þegar 86% rjúpnaveiðimanna hafa skilað inn veiðiskýrslu fyrir árið 2021 er fjöldi veiddra rjúpna 25.800 (10% af veiðistofni). Gera má ráð fyrir að sú tala breytist og verði á bilinu 27-30.000 rjúpur í lok árs (11-12% af veiðistofni).

Umhverfisstofnun er meðvituð um að óvissa ríkir varðandi það hvaða áhrif stytting veiðidagsins hafði og bendir jafnframt á að erfitt sé að meta það út frá einu tímabili. Útlit er fyrir að rjúpnaveiði ársins 2021 verði 27-30 þúsund fuglar sem er minna en spá Náttúrufræðistofnunar sem miðaði við 22 heila daga. Gögn Umhverfisstofnunar benda því til þess að færri hafi farið til rjúpnaveiða árið 2021 miðað við fyrri ár og að sóknardögum hafi fækkað. Þegar 87% veiðimanna hafa skilað skýrslum fyrir árið 2021 virðast 20% færri veiðimenn hafa gengið til rjúpna á síðasta ári og sóknin farið niður um 20%. Þó fyrrgreindar upplýsingar um sókn eigi eftir að breytast eitthvað þá má telja líklegt að stytting veiðidagsins hafi skilað árangri þó stytting veiðidags hafi ekki nægt til að halda veiðum innan ráðgjafar. Umhverfisstofnun telur að þessi nálgun sé varfærin, sanngjörn og komi ekki í veg fyrir að veiðimenn hafi tækifæri á að ganga til veiða. Að frátöldu sölubanni og samstilltu hvatningarátaki til veiðimanna er fjöldi og lengd veiðidaga eina stjórnþæki sem stofnunin hefur til að hafa áhrif á veiðar. Að lokum bendir stofnunin á að árið 2020, þegar veiðistofninn var á pari við það sem hann er metinn í dag, var veitt 57% fram úr ráðgjöf Náttúrufræðistofnunar á 22 heilum dögum.

Um griðland rjúpu á Reykjanesi

Í tengslum við rjúpnaveiðibann á Suðvesturhorni landsins vekur Umhverfisstofnun athygli á að stofnunin hefur hafið skoðun á möguleikum þess að aflétta veiðitakmörkunum rjúpna á Reykjanesi og kallaði stofnunin nýverið eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands um málið. Umhverfisstofnun telur að umsögnin gefi tilefni til nánari athugunar á tilteknum þáttum er varða veiðiþol rjúpnastofnsins á umræddu svæði og verður samtali stofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar um málið haldið áfram. Þá bendir Umhverfisstofnun á að aflétting veiðibannsins á Reykjanesi kallar mögulega á sérstaka útfærslu á veiðidögum og veiðitíma m.a. í ljósi þess að rúmlega 70% þjóðarinnar býr á umræddu svæði. Að komast að slíkri niðurstöðu kallar á frekari vinnu sem og nánara samráð við helstu hagsmunaaðila.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson,
sviðsstjóri

Bjarni Jónasson,
teymisstjóri